

2.október 2019

Fréttatilkynning

Sjófuglabbyggðir við Ísland

Nýr fræðsluvefur Fuglaverndar um búsvæði sjófugla.

Ef búsvæði fuglategundar hverfur hreinlega eða rýrnar verulega þá geta afleiðingarnar orðið alvarlegar. Það gæti orðið mikil fækkun í tegundinni eða hún jafnvel dáíð út.

Sjófuglar sem dvelja mestan hluta æfi sinnar á sjó koma í land til að verpa og hópast þá gjarnan saman í byggðir. Sjófuglabbyggðir við strönd Íslands eru með þeim stærstu í heiminum og áætla Náttúrufræðistofnun Íslands á vef sínum (2019) að á Íslandi verpi um 10 milljón fuglapör og að **7,5 milljón þeirra séu sjófuglar**. Fuglavernd hefur tekið saman upplýsingar um 37 sjófuglabbyggðir við Ísland því búsvæðavernd er ein af meginstöðum í stefnu og starfi Fuglaverndar. Þessar sjófuglabbyggðir eru öll alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA svæði) oftast vegna fjölda þeirra sjófugla sem reiða sig á þau.

Fuglavernd hefur einnig það hlutverk að halda utanum og skrá alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA) á Íslandi fyrir hönd Birdlife International en um þessar mundir eru [99 IBA svæði](#) skráð.

Ábyrgðartegundir

Þegar stór hluti heims- eða evrópustofns ákveðinnar fuglategundar verpir við strendur Íslands eða hefur hér viðkomu á leið sinni til eða frá varpstöðvum, þá kallast sú fuglategund ábyrgðartegund. Það eru fuglategundir sem byggja að mestu leyti afkomu sína á veru sinni hér þó þær dvelji annarsstaðar stóran hluta ársins. Þessi skilgreining á ábyrgðartegundum á við um flesta sjófuglanna okkar.

Þeir sjófuglar sem teljast til að mynda til ábyrgðartegunda okkar Íslendinga eru: **Fýll, rita, langvía, stuttnefja, álka, súla, lundi, skrofa, stormsvala, sjósvala, toppskarfur, æður, teista, kjói, skúmur, hvítmáfur, svartbakur og kría**. Þessi upptalning miðar við að a.m.k. 20% af evrópustofni þessara tegunda verpi hér eða komi hér við á ferðum sínum.

Sjófuglabbyggðir við Ísland - vefurinn

Vefurinn **Sjófuglabbyggðir við Ísland** sýnir á korti staðsetningu byggðarinnar og farið er réttisælis hringinn í kringum landið. Byrjað er við Látrabjarg sem er eitt stærsta fuglabjarg heims. Hverju svæði er lýst með mynd og texta. Þá er fjallað um fuglategundir svæðisins, farið yfir stöðu tegundanna á [válista fugla á Íslandi](#), vernd svæðisins og nytjar og loks eru tenglar á [IBA skrá BirdLife International fyrir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði](#) sem og tengill á [skrá Náttúrufræðistofnunar Íslands um mikilvæg fuglasvæði](#).

Frh.

Markmið vefsins er vera ítarefni fyrir kennslu og fræðslu, fyrir öll skólastig og almenningsfræðslu. Valin var myndræn framsetning og byggt er á gögnum færustu vísindamanna okkar.

Sjófuglabyggðir við Ísland er aðgengilegur gegnum vef Fuglaverndar:
<https://fuglavernd.is/busvaedavernd/sjofuglabyggdir/>

Um Fuglavernd

Fuglavernd eru frjáls félagasamtök um verndun fugla og búsvæði þeirra. Fuglavernd telur um 1300 félagsmenn. Fuglavernd er aðili að samtökunum BirdLife International sem vinna að verndun fugla og náttúru í 120 löndum.

Meðfylgjandi eru myndir:

37_sjofuglabyggdir_1024x768.png - Skjámynd af vefnum

Langanes_Karlinn04a.jpg - Sjófuglabyggðin á Karlinum við Skoruvík á Langanesi. ©Jóhann Óli Hilmarsson

Nánari upplýsingar veitir:

Dögg Matthíasdóttir | kynningarfulltrúi | 5620477 | 690 1205 | dew@fuglavernd.is